

Verkefnalýsing

Nemendur hugsa um sjálfstal og hvernig við tölum um okkur sjálf en það getur haft veruleg áhrif á skap okkar, tilfinningar, vöxt og hamingju. Lagðar eru fram spurningar eins og t.d. eftifarandi til þess að kveikja í hugmyndum og umræðu: Hvernig og hvenær ert þú sjálf/sjálfur/sjálft gagnrýnin á sjálft sig og hvenær þú tekur þátt í sjálfumræðu? Hugsaðu um hvort ástvinir þínir myndu segja þetta um þig? Hvað myndu ástvinir þínir segja um þig í staðinn?

Nemendur búa svo til eigið orða/ljóð klippmynd fulla af jákvæðum staðfestingum og vingjarlegum orðum sem þeir vilja festa meira við sjálfan sig og hvernig þau vilja hugsa um eigin persónu með fundnu efni úr gömlum bókum, tímaritum, myndabókum og dagblöðum.

Nemandi notar texta, orð og myndir sem hann hefur safnað saman áður en tími hófst og býr til ljóðverk úr efnisviðnum. Með því að nota þennan miðill fær nemandinn tækifæri á því að tjá sig á óhefbundin máta sem er oft ekki ofarlega í huga þegar kemur að tjáningarleiðum og með breiðari orðaforða þar sem um fundið efni er að ræða.

SKREF 1: Ákveðið hvernig þið ætlið að skrifa klippimynda ljóðið ykkar. Viltu hafa ljóðið þitt sjónrænt og myndskreyta það með fundnu efni? Eða ætlarðu að notast eingöngu við textabúta og þá heilum setningum eða mörgum stökum orðum?

SKREF 2: Byrjaðu á því að leita að línunum og textum til að nota! Leitið í tímaritum og bókum, einnig er gaman að nýtast við ljósmyndir og/eða teikningar.

SKREF 3: Haltu áfram að safna línunum til að nota í ljóðinu þínu. Þú getur stefnt að fjölbreytni eða sterku þema / frásögn en vertu viss um að nota fullt af mismunandi heimildum - að lokum verður ljóð þitt áhugaverðara.

SKREF 4: Skreytingartími! Ef þú ert sátt/ur með ljóðið þitt, skaltu byrja að setja það saman og byrjaðu að teikna myndir fyrir hverja línu. Láttu ljóðið lifna við með bæði myndum og orðum.

Dæmi :

Why are so many children's authors such damaged human beings?
Really, one should stick to books where one sees the hero coming a mile off.
You will shimmy your way through many decades together,
Which china pattern you choose - it's all giving you away.
I had a flashback of something that never existed -
I was swimming in the Caribbean, animals were hiding behind the rocks.
You have to challenge anyone who gives you a funny look with a look of your own.
I've been dreaming of the things I learnt,
Ambition is great, wanting things is great.
I'm not sure if this was said with warmth, or irony
Law, that was a sorry story if I ever heard one.
Some people without brains do an awful lot of talking, don't they?

Heimildir:

Lína 1: The Independent

Lína 2: *The Lost Art of Keeping Secrets* by Eva Rice

LJÓÐA COLLAGE

- Lína 3: Thought Catalog
- Lína 4: Chuck Palahniuk
- Lína 5: Louise Bourgeois
- Lína 6: Where Is My Mind? - Pixies
- Lína 7: Rookie Mag
- Lína 8: Something To Talk About – Badly Drawn Boy
- Lína 9: Rookie Mag
- Lína 10: Unknown
- Lína 11: *The Help* by Kathryn Stockett
- Lína 12: *The Wizard of Oz* (1939)

Kveikjur

Nemendur fá eina kennslustund til þess að æfa sig við skapandi skrif og er markmiðið að nemendur geti búið til beinagrind og nýti sér hana í skrifum, noti fjölbreyttar samtengingar og skrifi persónulýsingu (útlit, tilfinningar og umhverfi) Nemendur vinna ritunarverkefni sem stuðlar að meiri færni í ritun og textasmíði.

Hlekkir

- <https://youtu.be/1FdmzSp-k80> - Daily Visual Journal 8-6-12 found poetry collage
- https://youtu.be/sLooH5Y_Rk8 - How to Make a Collage- materials, composition, and tips

Kennsluaðferð

- Fjarkennsla. Nemendur þurfa að læra að nýta tæknina, átta sig á eðli hennar og uppbyggingu, auka skilning sinn á henni
- Vendikennsla. Nemendur kynna sér glærupakkann áður enn kennsla hefst og byrja því að skipuleggja skref eitt úr verkefnalýsingu. Nemendur eiga að vera tilbúnir með hugmynd af hvernig þeir vilja vinna verkefnið, ef nemendur vilja nýttast við myndefni skulu þeir vera tilbúnir með allt það efni sem þau þurfa til að framkvæma hugmyndina.
- Nemendur kynna sér verkefnið áður en fjarkennslan hefst inná forritunum Teams/Zoom og verða tilbúnir með efni og verkfæri.

Efni

- Pappi, karton, blað eða auð bók til að vinna verkið í. Gott er að hafa nóg pláss til að leyfa tilfinningum að vaxa á vinnuflötinn.
- bækur, tímari, myndabækur og dagblöð. Skæri, lím, liti, málningu og fl.

Staða nemenda varðandi ljóðakunnáttu

Nemandi nýttist við fyrrum ljóða, Íslensku og Ensku kunnáttu á grunnskólastigi

Hæfniviðmið:

Við lok kennslustunda getur nemandi:

- Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, eins og úrklippur, málningu, litum og texta.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og útskýrt vinnuferlið sitt frá byrjun á hugmynd alveg að lokaverkin, sem felur m.a í

LJÓÐA COLLAGE

sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal við kennara í gegnum fjarkennslu forrit og greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,

Lykilhæfni

- Tilfinningaleg tjáning og sköpun
- Læsi
- Skapandi og gagnrýn hugsun
- Notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast marksonar umfjöllunarefni
- Nemandi sé óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika
- Sjálfstæði og samvinna

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls 19)

Tjáning og Miðlun

Nemandi getur:

- Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum af öryggi og gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran og greinagóðan hátt. Notað ólíka miðla jafnan af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
- Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert skýra grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
- Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla á viðeigandi hátt við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.

LJÓÐA COLLAGE

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Nemandi getur:

- Spurt gagnrýninnna og rannsakandi spurninga og farið eigin leiðir við úrvinnslu verkefna. Gert skýra og vel rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af gagnrýni með upplýsingar og dregið rökstuddar ályktanir, sýnt frumkvæði og beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.
- Spurt rannsakandi spurninga og sýnt sjálfstæði við úrvinnslu verkefna. Gert skýra og nokkuð vel rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af gagnrýni með upplýsingar, dregið ályktanir, skapað eigin merkingu, beitt nokkuð vel mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.
- Spurt spurninga og unnið af nokkru sjálfstæði við úrlausn verkefna. Gert grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið með upplýsingar, skapað að vissu marki eigin merkingu, beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna

Sjálfstæði og samvinna

Nemandi getur:

- Jafnan sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, borið ábyrgð á og tekið virkan þátt í samstarfi á uppbyggilegan hátt. Af öryggi tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, sýnt ábyrgð og tekið nokkuð virkan þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið nokkuð virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.
- Sýnt nokkurt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft nokkurt frumkvæði, sýnt vissa ábyrgð og tekið þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram gagnrýni á ábyrgan hátt og tekið þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti, bls 94)

Verkefna skipulag.

Dagur eitt.

- Kennarar byrja á því að sýna nemendum myndir og myndböndin Daily Visual Journal 8-6-12 found poetry collage og How to Make a Collage- materials, composition, and tips, til að veita þeim innblástur, umræða er tekinn og spurningum svarað sem nemendur gætu haft varðandi uppbyggingu verkanna sinna. (30mín)
- Ljóða og skriftar æfing (40mín)
- Nemendur byrja að vinna í kveikjum með skriftar æfingum og verkinu sínu með tilraunavinnu, enn nemendur eigna nú að hafa fengið góðann tíma til þess að hugsa um þá átt sem þeir vilja að verkefnið fari. opið er á Zoom/Teams fyrir nemendur til að geta spurt spurninga eða fengið ábendingar og/eða ráðgjöf við kennarana sína varðandi verkin sín. (1x40mín)

LJÓÐA COLLAGE

Í lokinn er tekinn púlsinn á nemendum til að taka stöðuna og opna fyrir umræður um hvernig þeim gengur með verkefnið. (10mín)

Spurningar til að nýtast við

Hefur nemandi aflað öllu því efni sem þarf til þess að vinna verkefnið?

Sýnir nemandi skilning á verkefni?

Getur nemandi sýnt fram á það að sjálfstæð vinnubrögð séu nýtt?

Hefur nemandi tök á því að klára verkefnið fyrir lokakynningu á degi tvö?

Dagur tvö.

- Tíminn byrjar á umræðum á verkefnum og hvar allir standa með þau (40-50mín, 5mín hver)
- Nemendur fá tækifæri á að finnúsa fyrir kynningu (15mín)
- Kynning- nemendur fá 10 mín til að kynna verkin sín, fá spurningar og jákvæða gagnrýni. (70-100mín)
- Kennarar loka námskeiðinu.

Umræðu spurningar

Hvað fannst ykkur skemmtilegast og/eða erfiðast?

Hafið þið gert svona ljóða collage áður?

Myndu þið vilja vinna verkefnið aftur með öðruvísi nálgun? Hvernig?

Nálgun (og rök)

Nemendur skoða glærusýningu ásamt tveimur myndböndum sem heita Daily Visual Journal 8-6-12 found poetry collage og How to Make a Collage- materials, composition, and tips og vinna svo verkefni eftir verkefnalýsingu en nemandi notar texta, orð og myndir sem hann hefur safnað saman áður en tími hófst eftir sjálfstæða undirbúningsvinnu og ætti því að vera tilbúinn að vinna úr efnisviðnum. Með því að nota þennan miðill fær nemandinn tækifæri á því að tjá sig á óhefubundin máta sem er oft ekki ofarlega í huga þegar kemur að tjáningarleiðum. Nemandi nýtist við fyrrum ljóða, Íslensku og Ensku kunnáttu á grunnskólastigi til þess að vinna verkefnið og eru hæfniviðmið og lykilhæfni í samanburði við þá kröfu. Lagt er áheyrslu á mismunandi aðferðir, fjölbreyttann miðil, Tjáningu skoðana, tilfinninga og læsis, enn í aðalnámskrá segir;

Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins. (*Aðalnámskrá grunnskóla, 2011*)

Lögð er áheyrsla á tjáningu, miðlun, skapandi og gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrög en með verkefninu Ljóða Collage er reynt að fá nemendann til að tjá sína reynslu og gera grein á sínum tilfinningum í gegnum klippimyndir. Ferlið fer í að leita að orðum eða setningum sem

LJÓÐA COLLAGE

best passa við hvern og einn og gefur meiri dýpt í hugarheim nemandans. Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Hvað gera kennarar?

Útskýrum fyrir nemendum hvers er ætlast til af þeim, leiðbeinum og erum til staðar ef þau þurfa á tilsettum tímum.

Gefum þeim uppbyggilega gangrýni á meðan á ferli stendur.

Hvað gera nemendur?

Nemendur fara í sjálfskoðun og nýta sér miðilinn klippimyndir til að tjá hugsanir sínar. Í lok verkefnis kynna nemendur afurðina fyrir kennurum og samnemendum í gegnum fjarkennslu forit sem verður notað.

Námsmat

Námi í list- og verkgreinum má skipta í tvennt í grunnnámi nemenda. Annars vegar er um að ræða nám í greinunum sjálfum þar sem þær eru iðkaðar og hins vegar að list – og verkgreinar séu notaðar sem kennsluáferð og samþættar öllu almennu námi. Hvort sem er, eiga kennsluhættir í list- og verkgreinum að mótast af vinnulagi hvernar greinar. Þar takast nemendur á við verkleg og skapandi verkefni sem reyna á hagnýta og fagurfræðilega lausnaleit. List- og verkgreinar í grunnskóla greinast í listgreinar, sem eru sviðslistir (dans, leiklist), sjónlistir og tónmennt, og verkgreinar; hönnun og smíði, heimilisfræði og textílmennt. Áherslur og hugmyndafræði list- og verkgreina í skólum eru byggðar á fjórum þáttum sem fléttast saman á órjúfanlegan hátt á mismunandi stigum. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls 160)

Ljóða Collage

Mat á eigin vinnu

Nafn: _____ dags.: _____

Hvað tókst vel hjá mér? _____

Hvers vegna? _____

Hvað hefði ég viljað/getað gert betur? _____

Hvers vegna? _____
